Viðbrögð við athugasemdum

| Aðili | inntak | viðbrögð |
|---|---|---|
| míla | Á svæðinu eru lagnir í eigu Mílu. Við óskum eftir að haft verði samráð við okkur þegar til framkvæmda kemur. | Samráð verður haft við mílu |
| Ísavía | Engar athugasemdir | Isavia þakkað innleggið |
| HES | „Embættið leggur áherslu á að uppfærsla og þróun á fráveitukerfi eða fráveitulausnum sveitarfélagsins sé gerð samhliða aukningu bygginga og íbúa og gert sé grein fyrir hreinsun og losun skólps í greinagerðum á nýjum eða uppfærðum skipulagsreitum. Áður en framkvæmdir hefjast á nýjum byggingakjörnum þurfa að liggja fyrir upplýsingar um fráveitu skólps eða upplýsingar um að hreinsibúnaður núverandi fráveitu anni auknum íbúðarfjölda og ákvæði um hreinsun í samræmi reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. | Fráveitusamþykkt lögð fram og samþykkt á fundi bæjarstjórnar 7. maí 2024. Stefna og útfærsla ofanvatnslausna er sett fram í rammahluta aðalskipulags og í greinargerð deiliskipulags. Það er þó ljóst að þróun hverfisins á næstu árum kallar á endurnýjun lagna. |

| | | |
|---|---|---|
| Landsnet | Landsnet minnir á Ásbrúarlínur 1 og 2 sem liggja um skipulagssvæðið en um er að ræða 33 kV jarðstrengi. Samkvæmt reglugerð um raforkuvirki nr. 678/2009 skal af öryggisástæðum skilgreina lágmarksfjarlægðir raflína til annarra mannvirkja, svokallað helgunarsvæði. Í deiliskipulagstillögunni er gert ráð fyrir blágrænum ofanvatnslausnum sem meðal annars þvera strenginn.<br>Við hönnun og útfærslu ofanvatnslausna nærri strengjunum skulu ofangreindar öryggisreglur hafðar að<br>leiðarljósi og leita skal samráðs við Landsnet um framkvæmdir innan helgunarsvæðis. Landsnet telur óheppilegt að íbúðarlóðir skarist við helgunarsvæði rafstrengja, en slíkt kallar á að samráð verði haft við fyrirtækið vegna framkvæmda á þeim hluta lóðarinnar. Landsnet bendir á kortavefsjá fyrirtækisins https://www.map.is/landsnet/ | Haft verður samráð við landsnet um leiðréttingu á texta og merkja inn helgunarsvæði. |
| HS veitur | Við Skógarbraut skammt frá gatnamótum við Grænásbraut eru HS Veitur með dreifistöð nr. 716, landeigendanúmer L-2018264, sem samkvæmt tillögunni á að víkja fyrir nýrri byggingu (4) og færast til austurs að útmörkum skipulagssvæðisins á lóð Á svæðinu eru einnig kapalstokkar ásamt tengibrunnum og þar með mikið af stofnlögnum og Skógarbrautar 931 og 930. Á svæðinu eru einnig kapalstokkar ásamt tengibrunnum og þar með mikið af stofnlögnum og<br>dreifikerfi raforku. kostnaðarsamt er að færa dreifistöðina ásamt raforkustrengjum á svæðinu. | Haft verður samráð við HS veitur um útfærslu, framkvæmd og sanngjarna skiptingu kostnaðar. |

| | | |
|---|---|---|
| Vegagerðin | Engar athugsemdir | engin viðbrögð |
| Kadeco | Bréf í 15 liðum, ábendingar og alemmar vangaveltur um hönnun og útfærslur | 4. sjá svar við umsögn Landsnets. 5. fordæmi eru fyrir slíku ákvæði. Umhverfis- og skipulagsráð hefur beina aðild að því mati hvort markmiðum skipulags sé fylgt. 6, 7 almennar vangaveltur um hönnun. 8 hámarkshraði verði ákveðinn í þessu skipualgi. 10. sjá svar við umsögn HS veitna. 11. í samþykkt sveitarfélagsins um djúpgáma er skerpt á þessu. 11, 12, 13 , 14 og 15 almennar vangaveltur. |
| Landhelgisgæslan Öryggissvæðið á Keflavíkurflugvelli | Hafa skal samráð við Lhg vegna húsa hærri 45.42m.y.s.Vegna herflugs sem um völlinn fer er æskilegt að við gerð skipulaga, sérstaklega deiliskipulags séu gerðar miklar hljóðvistarkröfur til húsnæðis á svæði sem er í nálægð við flugvöllinn. | Haft verður samráð um hæðir húsa en á það er bent að alment er húsæð þegar byggðra húsa ríflega 50m y.s. Tekið er tillit til hávaða í skipulaginu |